


MONITOR



TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ

AUKAFERÐIR Í LANDEYJAHÖFN

(ÚTAF ÞJÓÐHÁTÍÐ SKO...)

*ÞU VISSIR AD ÞAD VÆRI ÞJÓÐHÁTÍÐ ER ÞAD EKKI?

	Fleiri ferðir mögulega auglýstar síðar	Rútur Frá BSÍ	Fyrir Herjólsferð: (Bóka verður Herjólf sér hjá Eimskip)
	Fimmtudagur (29 júlí)	18:30	21:00
	Föstudagur (30 júlí)	09:30	12:00
	-	12:30	15:00
	-	15:30	18:00
	-	18:30	21:00
	-	21:30	00:00
?	Laugardagur (31 júlí)	08:30	12:00
?	-	12:30	15:00
?	-	17:00	21:00
?	Sunnudagur (1. ágúst)	08:30	12:00
?	-	17:00	21:00
	Mánudagur (2. ágúst)	09:30	12:00
	-	12:30	15:00
	-	15:30	18:00

REYKJAVÍK - LANDEYJAHÖFN
3 100 KR.
FRAM OG TIL BAKA
5 000 KR.



LANDEYJAHÖFN - REYKJAVÍK
3 100 KR.
FRAM OG TIL BAKA
5 000 KR.

WWW.STERNA.IS

BÍLAR OG FÓLK EHF / STERNA
MUNU SJÁ UM ÁÆTLUNARFERÐIR TIL
OG FRÁ LANDEYJAHÖFN Í SUMAR


BÓKA ÞARF Í FERJUNA SÉRSTAKLEGA
HJÁ EIMSKIP / HERJÓLFI

VIÐ ERUM Á BSÍ
BÓKUNARSÍMI 551 1166
BÓKUNARÞÓSTUR: STERNA@STERNA.IS

	Fleiri ferðir mögulega auglýstar síðar	Rútur Frá Landeyjahöfn	Komutími (á BSÍ)
	Föstudagur (30 júlí)	08:30	11:00
	-	12:00	14:30
	-	15:30	18:00
	-	18:30	21:00
?	Laugardagur (31 júlí)	10:15	12:45
?	-	16:00	18:30
?	Sunnudagur (1. ágúst)	10:15	12:45
?	-	16:00	18:30
	Mánudagur (2. ágúst)	08:30	11:00
	-	12:00	14:30
	-	15:30	18:00
	-	18:30	21:00
	-	21:00	23:30

? **Upplýsingar í síma 551 1166**

Sterna





RAGGI BJARNA OG BRÆÐURNIR UNNSTEINN OG LOGI ÚR RETRO STEFSON FARA VIKULEGA SAMAN Í ÍSBILTÚR

Mynd/Ernir

Dælir rokkinu yfir Retro

Retro Stefson og hinn síungi Raggi Bjarna spila saman á Innipúkanum

„Ég er mjög spenntur fyrir þessu. Þessir ungu krakkar í músíkinni í dag eru bara svo miklir snillingar að það er alveg yndislega gaman,“ segir Ragnar Bjarnason, tónlistarmaður, sem kemur fram á Innipúkanum um helgina í fyrsta sinn ásamt Retro Stefson. Unnsteinn Manuel Stefánsson, söngvari hljómsveitarinnar, er spenntur fyrir samstarfinu og segir meðlimina vera mikla aðdáendur bæði Ragga og íslenskrar dægurlagatónlistar. Innipúkinn er ekki þekktur fyrir nein rólegheit en Unnsteinn er fullviss um að Raggi muni falla vel inn í þá mynd. „Hann mun passa vel þarna inn miðað við það sem við höfum séð, til dæmis þegar hann spilaði á Karamba einu sinni og svo þegar hann kom á árhátíð í MH,“ segir hann.

Engin vettlingatök

Unnsteinn segir hljómsveitina ætla sér að reyna að spila svolítið „smooth“, en Raggi telur þó enga þörf fyrir það og hefur ekki áhyggjur af því þótt mikið verði um hávaðasamt rokk á hátíðinni. „Ég

er fínn í því. Ég dæli yfir þau gamla rokkinu alveg villt og galið“, segir hann. „Ég tek eitthvað af þessu gamla rokki og er svona að fíflast eitthvað. Þau fá að prófa lög frá árunum á milli ’50 og ’60 og munu örugglega hafa gaman af.“

Meðlimir Retro Stefson eru öll um og undir tvítugu, en Raggi fagnaði 75 ára afmæli sínu seinasta haust. Raggi kann fáar skýringar á vinsældum sínum hjá þessari kynslóð. „Ætli það sé ekki bara það að þeir sem eru í tónlist vilja vera í þessu lengi og þau sjá að það sé alveg hægt að gera þetta þótt maður sé orðinn 75 ára,“ segir hann og hlær.

Heimilislaus og plata á leiðinni

Síðasta plata Retro Stefson, Montana, sló heldur betur

í gegn og biða því margir spenntir eftir þeirri næstu. Unnsteinn segir hana vera í bígerð og vonast til að hún komi út á haustmánuðum. Annars er það að fréttu af Retro Stefson að öðru heimili þeirra, skemmtistaðnum Karamba, hefur verið lokað en flestir meðlimir

hljómsveitarinnar höfðu unnið þar. „Við

erum svakalega svekkt yfir því. Við eigum eftir að sakna stemningarinnar en svo erum við líka að missa svaka pening á mánuði.“ Unnsteinn segir óvíst hvar stemningin verði núna. „Það er góð spurning. Við höfum verið að leita að henni en erum búin að vera mikið að spila úti á landi í sumar þannig að við höfum bara reynt að taka hana með okkur þangað,“ segir hann. Stemningin verði þó örugglega á Innipúkanum þessa helgina.

NÍUNDI INNIPÚKINN

Innipúkinn fer fram á Venue og Sóddóma í Reykjavík alla helgina. Þar að auki verða ýmsar uppákomur í Naustinu, göttunni sem liggur fram hjá stöðunum tveimur, en henni verður lokað fyrir bílaumferð. Þrjátíu listamenn og hljómsveitir koma fram á Innipúkanum en miðasala fer fram á Midi.is og í Havarí, Austurstræti. Er verið litlar 2.900 krónur.

Monitor mælir með

Í SJÓNVARPINU Modern Family

eru bandarískir grínþættir þar sem segir frá fjölskyldu sem er hefðbundin fyrir það að vera óhefðbundin.

Stjúpamman er kólumbísk kynbomba, pabbinn reynir að bonda við unglinga til að bæta upp fyrir

lúðalega æsku sína og hommafrændurnir reyna að fóta sig í nýtilkomnu föðurhlutverkinu. Mikið grín og mikið gaman.



Í SPILARANUM Hercules and Love affair

nefnist plata með samnefndri sveit en hún er væntanleg á Airwaves í haust. Meðal aðila sem láta í sér heyra á plötunni er Antony Hegarty (Antony & The

Johnsons). Platan er feiknagóð í partið og ekki seinna vænna fyrir þá sem ætla á Airwaves að byrja að kynna sér hana.

FYRIR SKROKKINN Kókosolía

er málið í dag. Frábær til að steikja upp úr og enn betri til að setja í hárið eða bera á andlit. Eins og Þorgrímur Þráinsson segir, maður á ekki að setja neitt framan í sig nema maður sé tilbúinn að borða það.



Vikan á...

facebook



Jónína Benediksdóttir

Ég var að fá upplýsingar í kvöld sem að grafa undan öllu réttarfari þjóðarinnar. Ég er lömuð eftir þessar fréttir en læt aðra um að koma þeim áfram til fjölmiðla. Sperríð eyrun næstu daga íslenska þjóð. Bottninum er náð ef rétt reynist. Guð blessi íslenska þjóð.


25. júlí kl. 23:00



Bubbi Morthens

Bubbi Morthens Biðja bæn að kvöldi er fókus innávið Biðja bæn að morgni er fókus á Dagin

26. júlí kl. 10:07



Egill Einarsson

Auðunn Blöndal valin óviðkunna- legasta celeb á Íslandi! Hvað með Bjarna Tóframann!

27. júlí kl. 13:00



Blaz Roca

ef þú hatar bambusinn, þá hatarðu pönduna ef þú hatar þú hatarðu fancy, ef þú hatar fancy þá hatarðu lífið, ef þú hatar lífið þá ættirðu frekar að fá þér einn zinger með auka mayo

27. júlí kl. 02:45

Feitast í blaðinu

20 hlutir sem þú verður að gera á Þjóðhátíð og það er engin undan- komuleið. >>>4



Ari Eldjárn í hressu viðtali um Gary Duncan, Bubba Morthens og allt annað. >>>6

Magnús Waage kennir okkur að búa til flott fót úr gömlu tuskunum. >>>12



Christopher Nolan, leikstjóri Inception, á fimm myndir á topplista IMDb.com. >>>14

Filófaxið tekur saman viðburði verslunarmanna- helgarinnar. >>>15



Efst í huga Monitor

Að þefa uppi partíið

Nú er komin pressa. Hvort sem þú ert í sumarfrí, atvinnulaus eða vinnur helgarvinnu þá neyðistu til þess að finna þér eitthvað stórkostlegt að gera af því tilefni að sumir fá þriggja daga helgarfrí. En við erum fær um að gera stórkostlega hluti undir pressu og það er ýmislegt í boði. Það augljósasta í stöðunni er að fara til Eyja en Innipúkinn og Mýrarboltinn á Ísafirði eru einnig sívinsælir, sem og Akureyri, en þá er ekki allt talið.

Með því að fara á Events-síðuna á Facebook og klikka á Friend's events flipann má komast á snoðir um hinar ýmsu útihátíðir sem þér er jafnvel ekki ætlað að vita um. Það er fátt skemmtilegra en helgi í góðra vina hópi og varla er hún síðri í góðra vina hópi einhvers annars.



Ein safaríkasta útilegan hlýtur að vera hátíðin Á sæði – Subbustef sem fram fer á Seyðisfirði. Á dagskránni er meðal annars blautbolakeppni karla, sæðisskrifstofupartí og „cumshot“ á tilbodsverði, auk þess sem því er

lofað að bólfarir séu framundan. „Leynifélagið“ verður svo með útilegu í Hvammsvík og hafa 30 boðað komu sína en 360 verið boðið. Ekki mjög leyndardómsfull leyniferð það.

Þá geta þeir sem vilja fara á góðan kojara til dæmis farið á Hellishóla en þangað hafa þrír boðað komu sína er þetta er ritad. Loks geta þeir sem vilja fara á deit með trúbadornum Skunda litla á Hótel Bjarkarlundi boðað komu sína á þann viðburð en þangað hefur einungis einn staðfest komu sína og einn sagt „maybe“. Það er Hótel Bjarkarlundur.

Þú þarft því ekki að sitja heima þótt þínir eigin vinir ætli ekki að gera neitt skemmtilegt.

Góða skemmtun!

Þjóðhátíð í Eyjum er mikil veisla en þá leggja menn allt í sölurnar til að tryggja góðar stundir. Monitor setti saman lista yfir 20 hluti sem allir þjóðhátíðargestir sem taka sig alvarlega ættu að prófa. Teldu saman stigin sem þú safnar og berðu saman við vini þína til að vita hver sigurvegari helgarinnar er.

20 hlutir sem þú VERÐUR að gera á ÞJÓÐHÁTÍÐ

Láttu bjóða þér upp á lunda í hvítu tjaldí

Það felst ekki ýkja mikil áskorun í þessu enda eru Eyjamenn mjög gestrisnir. Farðu í að minnsta kosti þrjú tjöld og ef þú heldur dólgslætunum í lágmarki ættirðu að fá lundabita að launum. 1 stig fyrir hvern lunda.



Sprangaðu nakinn eða í einni flík að eigin vali

Það er enginn maður með mönnum nema hann hafi prófað að spranga. En maður er ekkert merkilegur nema maður hafi gert það nakinn. 5 stig eða 3 stig ef þú ert í einni flík (bannað að velja samfesting).



Bjargaðu lundapysju

Núna er ekki endilega sá tími sem lundapysjurnar eru gjarnastar á að villast á djammíó í Heimaey en það er þá bara enn meira afrek en venjulega að bjarga einni slíkri. 5 stig.

Pissaðu í sjóinn

Hefur þú aldrei migið í saltan sjó? Það er notalegt að draga sig úr skarkalanum og njóta losunarinnar sem vissulega fylgir þvagláti með niðinn frá hátíðarhöldunum í bakgrunn. 1 stig fyrir stráka, 3 stig fyrir stelpur.



Taktu í spaðann á Árna Johnsen

Enginn er eyland en þó má segja að Árni Johnsen sé Vestmannaeyjar. Ef þú rekst á kappann, taktu þá í höndina á honum og þú færð aukastig ef þú færð hann til að öskra: Djamm! 2 stig

Eldaðu í eldfjallinu

Eldfell er eldheitur áfangastaður, svo heitur að ef þú grefur holu í það ku vera hægt að sjóða egg í henni. Prófaðu að hita langlokurist eða eitthvað sem hugurinn gírnist. Þó er ekki mælt með ferskum kjúkíngi í þetta „mission“. 3 stig



Flyttu lögheimili þitt til Eyja

Er þér alvara með að vilja vinna þennan leik? Flyttu lögheimili þitt til Eyja og það mun enginn eiga séns í metnað þinn. Enda ertu orðinn Eyjamaður. 50 stig (gildir ekki fyrir Eyjamenn).

Farðu í sleik

Einhverjar þúsundir manna hafa skráð þátttöku sína í Brekkusleik 2010 á Facebook. Það ætti því ekki að vera vandamál að fá einhvern í fjörið með sér. En ekki stöppa þar, þú færð líka stig fyrir að fara í sleik á brúnni. Sleikur við Árna Johnsen: 50 stig, við einhvern ókunnugan: 3 stig fyrir hvern, við maka: 2 stig, við Ingó Veðurguð: 1 stig.



Farðu á stefnumót með heimamanni

Heimamenn eru eins og rokkstjörnur á Þjóðhátíð enda fylgja því ýmis fríðindi að hafa einn slíkan upp á arminn. Þú færð aukastig ef þú færð að hitta mömmu og pabba. 5 stig


18 Fáðu óskalag í brekkusöngnum



Sannfærðu Árna Johnsen um að taka fyrir þig óskalagið I Gotta Feeling með Black Eyed Peas, í íslensku þýðingunni Eg er í fíling. 10 stig

Lærðu á gítar

Árni Johnsen kann bara þrjú grip en hann kann allavega þúsund lög. Maður þarf þó ekki að vera „fingralangur“ til að ná nokkrum auðveldum gripum. Láttu kenna þér eitt auðvelt lag og taktu það fyrir krúíð þitt. 3 stig.



Troddu þér á myndir hjá öðrum

Það er notaleg tilhugsun að vita af sér í fjölskyldualbuminu hjá fólki sem maður þekkir ekki neitt. Vertu með en reyndu að gera það án þess að það fattist. 1 stig fyrir hverja mynd



Vertu í sviðsljósinu

Komdu þér upp á sviðið og reyndu að fá að taka lagið með hljómsveitinni eða láttu þig fljóta á áhorfendaskaranum. Söngur: 2 stig. Stage-dive: 2 stig. Bæði: 5 stig.



Taktu alla nóttina

Þetta prófa nú flestir í Eyjum en ef þú tórir þar til morgunhanarnir vakna þá áttu stig skilið. 1 stig fyrir hverja nótt.

Sýndu stuðning þinn við ÍBV

ÍBV er á toppnum í Pepsi-deildinni. Sýndu þeim þá virðingu sem þeir eiga skilið og vertu í ÍBV-treyju. 1 stig fyrir hvern sólarhring

Svindlaðu þér í annan hóp

Margir vinahópar sameinast um einkennisbúninga fyrir Þjóðhátíð. Smyglaðu þér í annan hóp með því að kópera búningana þeirra. 3 stig.



Veiddu þér til matar

Vestmannaeyjar eru sannkölluð matarkista. Dorgaðu, veiddu lunda, máv eða bara mat sem er á grillinu hjá öðrum. 5 stig fyrir hverja máltíð.




Segðu að þú hafir séð ísbjörn

Sannfærðu ókunnugan aðila um að þú hafir séð ísbjörn ganga á land. Ef það gengur ekki segðu þá að það sé að byrja að gjósa. Þú færð bara stig ef viðkomandi trúir þér. Láttu samt Landhelgisgæsluna vita áður en grínið er of langt gengið. 3 stig.

Finndu kærasta fyrir Pál Óskar

Palli er einn þeirra sem koma fram á Þjóðhátíð. Hann er á lausu og hefur fengið nóg. Hjálpaðu poppkónginum að finna sína drottningu... eða bara annan kóng. 10 stig.



Gambler
gallabuxur
10900

NÝ SENDING



Live Love toppur 1490



Ultimate gallabuxur 5500



Maxi toppur 1990



Ultimate gallabuxur 5500

VERO MODA®

Kringlan s. 568 6244 Smáralind s. 544 4230



SINDRI MISSIR EKKI SVEFN ÞÓTT APPLE SÉ MÖGULEGA AÐ HNUPLA VERKUM HANS

Apple að stela lagi Seabear?

Lag keimlíkt I Sing I Swim í auglýsingu Apple

„Það setti einhver link á þessa auglýsingu inn á Facebook-síðuna okkar og spurði hvort þetta væri ekki okkar lag,“ segir Sindri Már Sigfússon, einn meðlima hljómsveitarinnar Seabear, en fyrsti kafli lagsins sem notað er í nýrri auglýsingu Apple hljómar nær nákvæmlega eins og lagið I Sing I Swim með hljómsveitinni. Saka margir raftækjarisann um lagastuld.

Sindri heldur þó ró sinni og segir lítið hægt að fullyrða. „Ef þeir voru að kópera þetta þá hefðu þeir kannski bara átt að velja eitthvað skemmtilegra lag. Þetta er nú eitt af leiðinlegri lögnum með okkur,“ segir hann og bætir við

að hljómagangurinn sé algengur. Því geti verið að um tilviljun sé að ræða þótt það sé ólíklegt. Hann telur þó aðra skýringu vera á málinu.

„Ég hef sjálfur gert tillögu að auglýsingastefi fyrir erlenda aðila og þá fær maður senda hálfklippta auglýsingu án tónlistar og svo er beðið um eitthvað í svipuðum dúr, og ákveðin lög sem eru látin fylgja með. Mér finnst líklegast að I Sing I Swim hafi verið eitt af þeim lögum í þessu tilviki,“ segir Sindri Már að lokum og býst ekki við að hægt sé að gera nokkuð í málinu. „En það hefði verið jákvætt ef Apple hefði bara fengið réttinn að laginu. Við hefðum fengið góðan pening fyrir það.“

Smekklega klæddur í útilegunni

Monitor ræddi við íshökkíleikmanninn **Pétur Andreas Maack** sem er nýkominn frá Svíþjóð, fluttur heim til Íslands til að klára stúdentspróf.



PÉTUR ANDREAS MAACK

Fyrstu sex: 23.10.90
Nemi við Menntaskólann í Kópavogi.

Fylgist þú með tísku?
Já, ég skoða gjarnan tiskublogg og ýmsa pistla.

Uppáhaldsflik?
Um þessar mundir væri það gallaskyrta mín.

Klikkaðasta sem þú hefur gert?
Ég klifraði upp á Hallgrímskirkjukrossinn í fyrra og var bara nokkuð flottur á krossinum.

Hvaða snyrtivörur notar þú?
Helst svitalyktareyði og rakspíra. Er þó með heldur þurra húð og nota þá rakakrem.

Hvert langar þig til að ferðast?
Mig langar mikið til Indlands eftir að félagi minn fór þangað.

Draumakonan í þremur orðum:
Minni, fállegri og duglegri en ég.

Hjúskaparstaða?
Í sambandi með sænski dómu sem ég kynntist þegar ég bjó úti.

Heillast stelpur af íshökkí?
Já að sjálfsögðu.

Hvað fer í taugarnar á þér?
Ég er frekar rólyndur.

Uppáhaldsmatur?
Það er KFC.

Hvað ætlar þú að eignast mörg börn?
Mig langar að eignast fimm stráka, í hokki-línuna.

Ef þú mættir vera hver sem er í einn dag?
Mig langar að prófa að vera stór, svartur körfuboltaaður í einn dag.



ALOE BODY BUTTER
Nauðsynleg húðnæring eftir hverja sturtu.
2.290 kr.
Body Shop

DEO DRY-SVITALYKTAREYÐIR CHILLED & BREEZY
Inniheldur hvorki álsölt né paraben; fánlegur sem „roll-on“ og stifti.
1.190 kr.
Body Shop



BÝVAX
Gefur hárinu glans og gott hald.
1.260 kr.
Body Shop



BLADE JAKKI
Léttur jakki sem hentar bæði í útileguna og í bænum.
9.793 kr.
Deres

DIESEL HETTUPEYSA
Klassísk hettupeysa til að halda á þér hita um leið og þú lítur vel út.
8.991kr.
Deres



BORDLINE BAKPOKI
Klassískur bakpoki á fánlegu góðu verði.
2.990 kr.
Deres



URBAN BOXER NÆRBUXUR
Taktu með þér auka nærur eða einn svona pakka.
Tvö stykki 1.990 kr.
Deres

JODA DIESEL GALLABUXUR
Ekki mæta í gulrótarbuxunum í útilegu, hafðu gallabuxurnar lausari og þægilegar.
20.691 kr.
Deres



DIESEL BELTI
Ekki ganga með buxurnar á hælunum. Gakktu með belti.
7.191 kr.
Deres

DIESEL HÚFA
Passa eyrun!
4.194 kr.
Deres



ADIDAS SKÓR
Ljósir skór eru heitir um þessar mundir. Ekki vera of öruggur að versla alltaf svart.
19.791 kr.
Deres



Árekstur í tískuheimum

Tískublöðin Vogue, Elle og W gerðust sek um tiskuglæp í ágústmaritum sínum. Keppast tímaritin um að vera frumleg og fyrst með nýjustu tísku en voru hnífjöfn er þau birtu sama MiuMiu kjólinn á forsiðufyrirsætum sínum. Árekstrar af þessu tagi eru sjaldgæfir en segir ritstjóri Elle, Loarraine Candy, að forsiðuútkomur séu ávallt ákveðin heppni háðar. Kjóllinn kostar um hálfja milljón íslenskra króna.



Eyðir prumpulykt

Nú geta margir andað léttar því kominn er á markaðinn byltingarafurð, prumpulyktareyðir. „Lúmskur rass“ kallast varan sem er einnota efnisbútur sem vinnur á móti prumpulykt. Efnisbútnum stingur þú aftarlega í brókina, en hann inniheldur kolefnislag sem heldur fast í fnykinn og hlutleysir. Hönnuður vörunnar segist nota vöruna í flugvéllum, eftir sterka máltíð og jafnvel á hundinn sinn.



Eminem kann ekki á tölvur

Rapparinn Eminem neitar að læra á Internetið og segist ekki vilja velja sér upp úr allri þeirri gagnrýni sem birt er á netinu. Hann segist vera ófær um að vafra á netinu og vill halda því óbreyttu. „Ef ég læri á tölvu, verð ég í henni allan liðlangan daginn að skoða athugasemdir um mig og það mun gera mig geðveikan,“ sagði Eminem.

Skósprengr Hefst í dag

mánudag - föstudag 11 - 18,
laugardag 11 - 16
og sunnudag 13-17

LÁGMARK

50%
afsláttur

ÁSAMT
ÖÐRUM
TILBOÐUM

Vörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Laugarvegi - Kringlunni
Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

.....
Toppskórinn
.....

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Outlet



viðtalið

Vissi ekki að Scunthorpe væri til

Grínistinn **Ari Eldjárn** er útbrunni knattspyrnumaðurinn **Gary Duncan** frá **Scunthorpe**, enska bænum sem Ari vissi ekki að væri til.

Texti: Haukur Viðar Alfreðsson
Myndir: Ernir

haukurv@monitor.is
ernir@mbl.is

Á steiptum vegg í Lág múlanum horfir Ari Eldjárn í yfirstærð yfir Háaleitisbrautina, og meðal annars inn um eldhúsglugga blaðamanns. Það er mikill og góður félagsskapur af Ara meðan á uppvaski stendur og það verður leiðinlegt þegar forkólfar Nova taka myndina niður. Fyrir þá sem ekki vita þá er þessi ungi uppistandari andlit nýlegrar auglýsingaherferðar símafyrirtækisins Nova og birtist reglulega á skjám landsmanna og er sérstaklega eftirminnilegur í hlutverki Gary Duncan, miðaldra, fyrrverandi knattspyrnumanns frá Scunthorpe í Englandi, sem býr nú til kennslumyndbönd af miklum mód.

„Með mörg járn í eldinum“ var snarlega hafnað af ritstjóra sem fyrirsögn viðtalsins, en sú staðhæfing væri þó engin lygi, því Ari er svo sannarlega þúsundþjalasmiður með nóg að gera. Á síðasta ári gaf hann út plötuna Grín Skrín, en platan sú er þrælfyndið samansafn af sketsum og gamanmáli Ara. Einnig hefur hann komið að handritagerð tveggja áramótaskaupa, og vinnur nú ásamt fleirum við skrif á nýrri sjónvarpsþáttaröð undir handleiðslu Sigurjóns Kjartanssonar. Spjöllum nú aðeins við Ara.

Minnugir Íslendingar gætu munað eftir þér vatnsgreiddum að dæma kvikmyndir fyrir Helgarpóstinn.

Já, ég var 15 ára, vel vatnsgreiddur og hrokafullur. Ég fann nokkra svona dóma um daginn og helmingurinn af dómunum var eiginlega bara upptalning á öðrum myndum leikstjórans. Síðan talaði ég um það hvort þetta væri frábær leikstjóri eða ömurlegur. Svona var maður á þessum aldri.

Hvernig kom það til að þú fórst svona ungur að dæma kvikmyndir?

Ég sótti bara um vinnu hjá Helgarpóstinum. Egill Helgason var vinur minn þegar ég var lítill. Hann átti heima á móti mér og var kvikmyndagagnrýnandi fyrir Alþýðublaðið og hitt og þetta. Eintak og hvað þessi blöð hétu öll. Hann átti svona passa og fékk að fara frítt í bíó, sá fullt af bíómyndum og fékk borgað fyrir að skrifa um þær. Mig langaði rosalega til að gera það líka, því mér fannst svo gaman í bíó. Ég rak Arabíó ehf. heima hjá mér og var með 16 mm sýningarvél frá Sölu varnarliðseigna og Super-8 sýningarvél frá Páli Óskari Hjalmtýssyni, sem lánaði mér myndir reglulega. Ég sótti um vinnuna hjá Helgarpóstinum, en hann hafði skömmu áður farið á hausinn og þrotabúið var rekið af prentsmiðjunni Odda. Ritstjóri Helgarpóstsins var Arnar Knúttsson, síðar kvikmyndaframléiðandi, og honum fannst svo fyndið að 15 ára strákur vildi vera kvikmyndagagnrýnandi að hann réði mig strax. Oft var ég sendur á myndir sem ég var ekki einu sinni nógu gamall til að mega sjá, og

tvisvar eða þrisvar gerðist það að ég fékk ekki að fara inn á myndir sem ég átti að dæma. En oftast tókst mér að laumast inn.

Hvenær fórst þú fyrst með gamanmál á almannaferi?

Sennilega var það í brúðkaupi sem ég fór í fyrir þremur árum. Hvert borð átti að tilnefna einn ræðumann til að halda ræðu um brúðhjónin. Ég var tilnefndur af mínu borði og bjó til einhverja bullræðu sem ég flutti samstundis. Hún fékk svo svakaleg viðbrögð og það var hlegið svo mikið að mig minnir að það hafi engar fleiri ræður verið fluttar eftir það. Ég fékk alveg stórfurðulega tilfinningu og fólk var meira að segja að óska mér til hamingju! Þetta var örugglega fyrsta skiptið sem ég „killaði“. En svo fórum við Jóhann Alfreð saman á Prikíð í fyrra til að sjá Dóra DNA og Berg Ebba með uppistand. Okkur fannst þeir svo hugrakkir að þora þessu og fengum alveg fiðring í magann því við vildum báðir prófa þetta.

Horfðir þú á þá og hugsaðir með þér: „Ég get stútað þessum gaurum“?

Nei, alls ekki enda eru þeir með bestu vinum mínum. Ég hugsaði frekar: „Þeir eru flottir, ég vil fá að vera með þeim“. Þeir opnuðu hurðina, sem ég hefði aldrei þorað, og tækifærissinnaður eins og ég er ákvað ég samstundis að ég skyldi herma eftir þeim. Jói slóst svo með í hópinn sem Bergur skírði síðan Mið-Ísland.

Eruð þið vinir frá fornu fari?

Já, síðan í menntaskóla. Við erum reyndar líka óvinir frá fornu fari því við Jói kepptum á móti hinum tveimur í ræðukeppnum. Það voru mikil samskipti okkar á milli í gegnum keppnirnar en svo áttum við líka sameiginlega vini. Ég hálfpartinn réði mig í vinnu sem vinur Bergs. Hann var að vinna í Þjóðminjasafninu og mig langaði að kynna honum þannig að ég fór bara og sótti um vinnu þar líka. Við bulluðum alveg ógeðslega mikið það sumar og vorum alltaf að semja efni sem við vissum svo ekkert hvað við áttum að gera við. Við höfðum einhverjar hugmyndir um að gera kannski útvarpsþátt einn

Eftirhermuhæfileikinn slípaðist síðan vegna þess að ég horfði svo ofsalega mikið á Simpsons. Mér finnst fyrstu 10 seíurnar af Simpsons eitt mest spennandi fyrirbæri sem ég veit um.

Á 60 SEKÚNDUM

Uppáhaldsmatur? Humar.

Besta kvikmynd? One Flew Over the Cuckoo's Nest og Boogie Nights.

Besta hljómplata? Alive með Kiss.

Mesta kyntröllilið? Andskotinn... Clint Eastwood.

Hvaða frægu persónu úr mannkynssögunni myndirðu vilja hitta? „Ég hef ekki lesið þá bók“.

Hvað hræðistu mest? Múgæsinga.

Schwarzenegger eða Stallone? Ohh, þetta er erfitt (hugsar). Ókei, Schwarzenegger.

Oasis eða Blur? Blur!

Star Wars eða Star Trek? Star Wars IV, V og VI.



daginn og það var mikið hlegið. Bergur er ógeðslega fyndinn.

Þú hefur ættartengsl við Þjóðminjasafnið, ekki satt?

Afi var Þjóðminjavörður og fjölskyldan bjó í Þjóðminjasafninu. Pabbi ólst upp þar, flutti inn eins árs og bjó þar til 19 ára aldurs þegar hann flutti á Bessastaði. Sem barn þurfti hann stundum að læsa Þjóðminjasafninu á kvöldin. Gekk þá um skíthæddur með lykil og beinagrindur allt um kring. Bestu vinir hans voru vaxmyndir. Hitler og Ólafur Thors. Hann skrifaði smásögu um þetta sem heitir Eins og vax.

Þarna fórum við af sporinu og skröfum lengi um Þjóðminjasafnið. En Ari er ein öflugasta eftirherma landsins og ég gat vart beðið eftir því að spyrja hann nánar út í það.

Þú ert þekktur fyrir gríðarlega góðar eftirhermur. Er þetta eitthvað sem þú getur sjálfkrafa eða krefst það langrar þjálfunar að læra að herma eftir fólki?

Þetta er eitthvað sem ég get sjálfkrafa með örfáa en sumir eru bara ekki í boði. Ég þarf að æfa þetta, vissulega, en þegar ég á annað borð get hermt eftir viðkomandi þá kemur það eins og skot og þá er það bara spurning um að snurfusa aðeins. Fyrsti maðurinn sem ég man eftir að hafa hermt eftir var Gísli heitinn Halldórsson. Ég náði honum bara mjög vel þegar ég var svona 18 ára og hann var eina eftirherman mín á þeim tíma. Ég heyrði hann segja eitthvað og ég gat bara emúlerað hann og fannst það alveg magnað. Eftirhermuhæfileikinn slípaðist síðan vegna þess að ég horfði svo ofsalega mikið á Simpsons. Mér finnst fyrstu 10 seíurnar af Simpsons eitt mest spennandi fyrirbæri sem ég veit um. Ég kann heilu þættina utanbókar. Ég fékk síðan að leika eina rödd þegar Simpsons-myndin var talsett á íslensku. Ég lék sveitalubbann Cletus, en um leið og hann var farinn að tala íslensku vantaði suðurríkjahreiminn og hann varð svolítið skrýttinn. En ég lék hann og fannst það mjög gaman.

Er einhver sem þú hefur hermt eftir sem hefur tekið illa í það?

Ekki svo ég viti til. Ég hitti Bubba Morthens á Ísafirði. Hann klappaði mér bara á bakið og var voða vinalegur.

ARI ELDJÁRN



Ég ætlaði að gefa honum plötuna mína en þá sagði hann bara (hermir eftir Bubba): „Ég á hana“. Það var svakalegt að hitta hann. Hann er einn frægasti Íslendingur allra tíma og var orðinn goðsögn í lífanda lífi strax þegar hann var 24 ára. Ástæðan fyrir því að fólk bregst svona vel við eftirhermanni er ekki bara það að hún sé tæknilega góð heldur líka vegna þess að Bubbi er svo mikið legend. Það vita allir hvernig hann er.

Nú hefurðu einnig leikið í auglýsingum og það verður að teljast nokkuð eðlilegt skref fyrir grínista að snúa sér að leik. Er það eitthvað sem þú gætir hugsað þér að leggja fyrir þig?

EKKI kannski sem leikari sem leikur hlutverk eftir einhvern annan, en ég væri vel til í að búa til fleiri karaktera og gera sketsa og svoleiðis. Ég er mjög spenntur fyrir því.

Hvað með Gary Duncan, persónu þína úr Nova-auglýsingunum? Er hann hugarfóstur þitt?

Mér datt hann í hug eftir að hafa skoðað kennslumyndbönd á YouTube þar sem svona útbrunnir tjallar kenna undirstöðuatriðin í fótbolta. Ég lék hann svo fyrir Þorstein Guðmundsson sem þróaði hann með mér. Hann er byggður á þessari ex-football player týpu sem margir kannast við. Sjá kannski hetjurnar sínar frá níunda áratugnum í viðtali og bregður jafnvel við að sjá hvað þetta eru venjulegir menn. Einhverjir kallar með bumbu, stundum jafnvel dálítið bitrir og sorgmæddir. Og ekkert endilega ríkir, því það voru ekki jafn miklir peningar í þessu í gamla daga. Hreimurinn hans Gary er síðan einhver blanda af hreimum sem ég hef pikkað upp í Englandi í gegnum tíðina. Hann á að vera frá Scunthorpe en ég veit ekkert hvernig fólk talar þar.

Ég var viss um að Scunthorpe væri ekki til...

Ég líka. Þegar ég samdi þetta þá datt mér þetta í hug upp úr þurru og hélt ég væri að finna upp á þessu. En ekki nóg með að Scunthorpe sé til, heldur er Scunthorpe United líka til. Það sem meira er, þá eru þeir núna í fyrstu deildinni og eru bara nokkuð góðir. Fólk á spjallborðinu hjá þeim hefur meira að segja verið að tala um Gary Duncan og sumir voru ekkert að kveikja á því að þetta væri grín. Menn að spyrja hvort þessi Duncan hefði nokkuð spilað með Scunthorpe og svona. Svo var einhver búinn að kveikja á því að þetta væri íslenskt og þá sagði einhver „Já það er nú augljóst að þeir eiga engan pening, það eru svo lítil myndgæði á þessum myndböndum“ (hlær). En

enginn þeirra sagði að hreimurinn hans væri skrytinn.

Nú fórstu til Englands og varst með standöpp þar, ætlaðu að gera það aftur?

Já, ég tók mér viku, fór út með ekkert efni, samdi eins og vitleysingur og kom fram á sex stöðum. Enginn vissi hver ég var og öllum var skítsama. Á þriðja gigginu kom þetta og mér leið eins og ég væri heima. Ég ætla að gera meira á ensku og fara meira út, en ég geri mér ekki neinar vonir um að fá neitt borgað fyrir það, en þetta er bara svo gaman. Að upplifa það að vera maur og þekkinga engan.

En hvert er stærsta markmiðið? Að starfa í kvikmyndaiðnaðnum?

Já hiklaust. Ég er að skrifa núna fyrir Sigurjón Kjartansson, í seríunni hans „Hlemmavídeó“. Ég fékk að skrifa þrjá þætti og vera með í að semja grunnsöguna. Það er búið að vera ógeðslega gaman. Ég hef líka tvisvar fengið að skrifa fyrir áramótaskaupið og það var rosalega gaman líka. Það er stærsti áhorfendahópur sem þú færð á Íslandi og hann er mjög harður þar að auki. Ég hef fengið mjög ólík viðbrögð við því sem ég gerði þar, allt frá ofsareiði til alsælu.

Hafðir þú skrifað eitthvað áður sem hafði farið í framleiðslu?

Nei. Þetta var það fyrsta, fyrir utan stuttmyndir og slíkt sem ég gerði sjálfur þegar ég var yngri. En þetta var það fyrsta sem ég fékk borgað fyrir og fór í framleiðslu. Ég fór og menntaði mig í handritaskrifum í London en það jafnast ekkert á við að vera ráðinn til að gera eitthvað, því maður lærir svo mikið á því.

Ari fær enga undanþágu frá klisjukenndu spurningunum og það liggur beint við að spyrja hann eilítið út í fjölskyldu hans.

Þú kemur frá listrænu heimili. Faðir þinn (Þórarinn Eldjárn) er landsþekktur rithöfundur og bræður þínir hafa verið mikið viðriðinir listalíf. Hvað eru bræður þínir að gera og er ekki þrælskemmtilegt í fjölskylduböðunum?

Jú, það er virkilega skemmtilegt. Tveir elstu bræður mínir, Kristján og Ólafur, eru reyndar fallnir frá en þeir höfðu báðir mikil og góð áhrif á mig. Kristján var þekktur tónlistarmaður og að mínu mati besti gítarleikari landsins. Úlfur og Halldór eru líka á kafi í tónlist. Úlfur er bæði í orgelkvartettum Apparat og í tónsmíðanámi. Halldór er fjölhæfur slagverksleikari og svuntuþeysir í hljómsveitinni Sykur og er einn höfunda lagsins Viltu dick? Móðir mín er veðurfræðingur og pabbi er alltaf að reyna að skrifa eitthvað. En við erum ósköp venjuleg fjölskylda og tölum ekkert í bundnu máli við matarborðið eða neitt þannig.

Hvað er framundan?

Ég er búinn að vera að skemmta rosalega mikið og skrifa fyrir Sigurjón. Þegar því lýkur ætla ég að semja nýtt efni og hugsanlega fleiri sketsa. Á endanum verður þetta vonandi að nýrri uppistands- og sketsaplötu.

■ ■ En við erum ósköp venjuleg fjölskylda og tölum ekkert í bundnu máli við matarborðið eða neitt þannig.

VERSLUNARMANNAHELGIN Í FJÖLSKYLDU- OG HÚSDÝRAGARÐINUM


Stórtónleikar

laugardaginn 31. júlí kl. 16 og sunnudaginn 1. ágúst kl. 14

AFRÍSKU STUÐMENNIRNIR AFTUR Á ÍSLANDI!

Super Mama Djombó

FRÁ
GÍNEU
BISSÁ



Sérstakur gestur: Egill Ólafsson

Blásandi krakkar beint frá Noregi

TÖNSBERG LÚDRASVEITIN

- Eik og Klokkeråsen Skoleorkester

Mánudaginn 2. ágúst kl. 15:00

Hoppukastalar alla helgina!

50% afsláttur af dagpössum
laugardag og sunnudag!

Fullorðnir: 600 kr. Börn: 500 kr.

www.mu.is



í beinni!



FJÖLSKYLDU- OG
HÚSDÝRAGARÐURINN
1990 - 2010

Notað verður nýtt

Átt þú fullan fataskáp af fötum sem þú notar aldrei? Hvernig væri að nýta gömlu tuskurnar og gæða þær nýju lífi. Stíllinn fékk til liðs við sig **Magnísi Waage** fatahönnuð hjá Júniform sem breytti með einföldum hætti hundlúnum spjörum í nýjar og spennandi flíkur.

Magnísi Waage

Hvaðan ertu menntuð? Ég kláraði stúdentspróf frá FG af myndlistar- og fatahönnunarbraut. Fór því næst til Englands í listaháskóla í eitt ár þar sem kennnd var fjölbreytt hönnun. Fatahönnunina kláraði ég svo í Art Institute í Flórída.

Hvað er vinsælt hjá Júniform? Við höfum verið talsvert með mynstur og líti. Hvað snið varðar eru víðari sniðin vinsæl hjá okkur.

Breytir þú gjarnan gömlum fötum? Já, ég kaupi stundum flíkur í Spúútník og breyti eins og hentar mér. Svo getur verið gaman að breyta flíkum á einfaldan hátt svo sem taka emmar af, stytta kjóla og annað slíkt.

Er dýrt að fá saumakonu í breytingar? Það þarf ekki að vera, minniháttar breytingar eru yfirleitt ekki dýrar.

Hvaða áhöld þarf í minniháttar breytingar? Skæri, nál, tvinna og það er þægilegt að hafa saumavél.

Uppáhaldshönnuður? Alexander McQueen.



Förðun: Íris Björk
Fyrirseta: Kristín Ásta
Myndir: Árni Sæberg og Ernrir

Kjöll í samkvæmistopp

Þessi lúni kjöll var keyptur í Monsoon fyrir aldamót og þótti á þeim tíma hrikalega flottur. Tilvalið að klippa til kjóla sem eru flottir að ofan.

1. Brjóststykki klippið af kjólnum.
2. Fjólublátt fóður kjólsins klippið til og saumað við neðsta hluta kjólsins.
3. Stykkinn tvö saumuð saman.



Bættu við smáatriðum:
- Kógur
- Palliöttur
- Rennilásar
- Blúndur

Gamall trefill í hálsmen

Pashminur hafa lengi verið vinsælar en þessar ódýru verða gjarnan ljótar með tíð og tíma. Sniðugt að nýta þær sem efni til sauma eða í einfalt hálsmen eins og hér sýnir. Flott að gera með nokkrum litum og misbreiðum fléttum.



1. Pashmina klippið til.
2. Fléttuð saman.

Kjöll úr karlmannsskyrtu

Stórar skyrtur er auðvelt að nýta til ýmissa breytinga. Úr varð skemmtilegur kjöll þar sem ermarnar eru hnýttar í mittið.



1. Kragi klippið af skyrtu.
2. Búkur klippið af hlýraból.
3. Saumað saman.

Síðbuxur í stuttbuxur

Buxnatískan er síbreytileg og leynast eflaust gallabuxur í skápunum með ljótum skálmum sem klippa má af. Gallastuttbuxur eru hámodins í dag.



1. Skálmur klippið af um mið læri.
2. Bretta upp á endana.



Stjörnustríð

HVOR KLÆDDIST FLÍKINN BETUR?



Jennifer Lopez og Rihanna klæðast báðar kjól úr sumarlínu Lanvin. Rihanna hlýtur vinninginn fyrir látlausara lúkk. Kjöllinn stendur fyrir sínu einn og sér, hálsfestin og beltíð eru of mikið.

Zoe Saldana og Olivia Palermo í Valentino. Lítið af fylgihlutum, lítið samkvæmisveski og Louboutin hælar. Þær gera þetta báðar afburðar vel og eru hnífjafnar.

Jessica Alba og Maggie Gyllenhal í gallakjól frá Isabel Marant. Jessica lítur vel út í hverju sem er og er engin undantekning núna. Maggie virðist hafa blindandi valið skó, undirtopp og peysu.

Julia Stiles og Taraji P. Henson í haustlínu Tracy Reese. Taraji fyllir betur út í efri part kjólsins sem hentar sniðinu betur. Hálsmen Julíu stingur í stúf við heildarlúkkid.

Sólgleraugu sumarið 2010

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ Á

www.opticalstudio.is

Optical Studio
SMÁRALIND • LEIFSSTÖÐ • KEFLAVÍK

FERILLINN



Jackie Chan

Hæð: 174 sentimetrar.
Besta hlutverk: Chan Ka Kui í Supercop (1992), myndinni sem hjálpaði honum að slá í gegn í hinum vestræna heimi.
Skrýtin staðreynd: Skírnarnafn hans er Chan Kong-sang, en „Kong-sang“ þýðir „fæddur í Hong Kong“.
Eitruð tilvitnun: „Líf hasarstjórnum er mjög stutt. Mig langar að vera leikari eins og Robert De Niro, Dustin Hoffman eða Clint Eastwood, sem geta leikið þótt þeir séu komnir á áttæðis- eða nírtæðisaldur.“

1954 Fæðist 7. apríl í Hong Kong.

1972 Kvikmyndaferill hans hefst þegar hann fær hlutverk sem áhættuleikari í Bruce Lee-myndunum Fist of Fury og Enter the Dragon.

1976 Kvikmyndaframleiðandi í Hong Kong fær hann til að leika aðalhlutverk í bardagamyndum.

1978 Kvænist núverandi eiginkonu sinni, leikkonunni Lin Feng-Jiao. Sama ár eignast þau sitt fyrsta og eina barn, soninn Jaycee.

1978

Slær í gegn í bardagagrínmyndinni Drunken Master, sem nýtur mikilla vinsælda.



1980 Leikur í sinni fyrstu Hollywood-mynd, Battle Creek Brawl.

1995

Eftir margra ára hark í Hollywood slær hann í gegn með kvikmyndinni Rumble in the Bronx og eignast dyggan hóp aðdáenda.



1998 Leikur á móti Chris Tucker í Rush Hour. Myndin nýtur mikilla vinsælda. Tvær framhaldsmyndir eru gerðar og mala þær allar gull í miðasölu.

2008 Gefur út plötu í tilefni af Ólympíuleikunum í Peking. Chan hefur gefið út meira en 20 plötur og er vinsæll tónlistarmaður í Hong Kong og víðar.



EINS OG ALLIR VITA ER BARA HÆGT AÐ ÆFA KARATE VIÐ KÍNAMÚRINN

Frumskýningar helgarinnar

The Karate Kid

Leikstjóri: Harald Zwart.
Aðalhlutverk: Jaden Smith, Jackie Chan og Taraji P. Henson.
Lengd: 140 mínútur.
Dómar: IMDB: 5,9 / Metacritic: 6,1 / Rotten Tomatoes: 69%.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Háskólabíó, Laugarásbíó og Borgarabíó Akureyri.



Endurgerð af hinni sígildu Karate Kid frá árinu 1984. Einstæð móðir þarf að flytja til Kína með ungan son sinn (Smith). Strákurinn er einmanna í ókunnugu landi og á enga vini. Hann lærir þó fljótlega að tileinka sér kung fu af meistara sínum herra Han (Jackie Chan) sem kennir honum að kung fu snýst ekki um slagsmál heldur þroska og yfirveg. Það er eitthvað sem strákurinn verður að tileinka sér þegar hann lendir upp á móti ríkjandi öflum í skólanum.

Letters to Juliet

Leikstjóri: Gary Winick.
Aðalhlutverk: Amanda Seyfried, Marcia DeBonis, Gael García Bernal.
Lengd: 105 mínútur.
Dómar: IMDB: 6,4 / Metacritic: 5,0 / Rotten Tomatoes: 42%.
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin.



Sophie (Seyfried) vinnur hjá tímariti, en dreymir um að verða einn af pennum blaðsins. Þegar hún fer til Ítalíu með unnustanum ákveður hún að fara í skoðunarferð til hússins sem hin upphaflega Júlía úr sögunni um Rómeó og Júlíu átti að hafa búið í. Þar skilur fjöldi fólks eftir ástarbréf sem eru hirt af konum sem sjá um að svara tilbaka. Þegar Sophie finnur eitt bréfið ákveður hún að skrifa til baka sjálf en það á eftir að hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

Snillingurinn Christopher Nolan

Nýjasta kvikmynd breska leikstjórans Christophers Nolan, Inception, var frumsýnd á dögunum og hefur hún hlotið ótrúlegar viðtökur. Var svo sem ekki við öðru að búast, enda má segja að allt sem Nolan snertir, þegar kemur að kvikmyndagerð, verði að gulli. Inception er fimmta mynd Nolans sem kemst inn á lista kvikmynda-vefsins IMDB.com yfir bestu kvikmyndir allra tíma. Myndirnar sem um ræðir eru The Dark Knight (12. sæti), Memento (29. sæti), The Prestige (73. sæti) og Batman Begins (108. sæti), auk fyrrnefndrar Inception sem skipar 3. sæti listans með 9,3 í einkunn þegar þetta er skrifað.

Afrek Nolans er ótrúlegt, ekki síst þegar haft er í huga að auk þess að leikstýra myndunum skrifaði hann handritin að þeim öllum. Þetta hefur hann allt afrekað fyrir fertugt, en hann fagnar fertugsafmæli sínu nú á föstudag, hinn 30. júlí. Christopher Nolan hefur því ríka ástæðu til að brosa þegar hann blæs á kertin á afmælisköku sinni. Næsta verkefni Nolans er þriðja og síðasta kvikmynd hans um Batman og er hún væntanleg árið 2012.



Meistaraverk Nolans

Ár	Kvikmynd	Kostaði	Þénaði	IMDB	Metacritic	Rotten Tomatoes
2000	Memento	\$9m	\$40m	8,7	8,0	92%
2005	Batman Begins	\$150m	\$373m	8,3	7,0	84%
2006	The Prestige	\$40m	\$110m	8,4	6,6	75%
2008	The Dark Knight	\$185m	\$1.002m	8,9	8,2	93%
2010	Inception	\$160m	\$228m*	9,3	7,4	86%

* Eftir aðeins tvær vikur í sýningu.

Popp-korn

Nú hefur loksins verið staðfest að **Daniel Craig** muni leika aðalhlutverkið í endurgerð kvikmyndarinnar Karlar sem hata konur. Craig fer með hlutverk blaðamannsins Mikael Blomkvist en leikstjóri verður David Fincher sem gerði til dæmis Seven og Fight. Ekki hefur verið ákveðið hver fer með hlutverk Lisbeth Salander en Ellen Page, Kristen Stewart og Carey Mulligan eru líklegir kandidatar.



Söngkonan **Rihanna** þreytir frumraun sína á hvíta tjaldu í myndinni Battleship sem ráðgert er að frumsýna vorið 2012. Myndin gerist á sjó og fjallar um flota sem þarf að vernda jörðina fyrir innrás geimvera. Ekki er vitað hvort Rihanna leikur eina af geimverunum, en einhverjum þætti það eflaust skondið í ljósi þess að henni hefur oftast ekki verið líkt við geimveru útlitslega. Leikstjóri Battleship er Peter Berg sem gerði The Kingdom og Hancock.



Brad Pitt hefur tekið að sér að leika í kvikmyndinni World War Z, sem gerð er eftir samnefndri bók Max Brook og gerist í veröld þar sem afturgöngur ráða ríkjum. Marc Forster, sem gerði Bond-myndina Quantum of Solace, mun leikstýra myndinni. Um þessar mundir er Pitt hins vegar að leika í myndinni Moneyball ásamt þeim Jonah Hill og Philip Seymour Hoffman.



Hjartaknúsarinn **Zac Efron** mun að öllum líkindum leika aðalhlutverkið í myndinni The Lucky One. Myndin er byggð á sögu Nicholas Sparks sem á að baki táraflæðara á borð við The Notebook og Dear John. The Lucky One sver sig í ætt við fyrri verk Sparks og er sögð vera að minnsta kosti 10 vasaklúta virði. Næsta mynd Efron er hins vegar Charlie St. Cloud sem er frumsýnd vestanhafs um helgina.



Kvikmyndavefurinn Rotten Tomatoes hefur tekið saman 15 karlmannlegustu kvikmyndir allra tíma. Á listanum eru að sjálfsögðu meistarastykki á borð við Rambo, Dirty Harry, Goodfellas, Scarface, **Die Hard**, Enter the Dragon og Predator. Hægt er að skoða listann í heild sinni og lesa um kvikmyndirnar á heimasíðu Rotten Tomatoes.



FÖSTUDAGUR



14:30 Setning þjóðhátíðar
15:00 Barnadagskrá á Tjarnarsviði Óðinn, Fimleikafélagið Rán, Brúðubíllinn, Davíð og Stefán, Barnaball með Ingó veðurguð
20:30 Dólgarnir
20:50 Davíð og Stefán
21:15 Sólin frá Sandgerði
21:45 Í svörtum fötum
22:15 K.K. og frum-flutningur Þjóðhátíðarlags

22:45 Björgvin Halldórsson og co.
00:00 Brenna á Fjósakletti
00:15 Dansleikur á Brekkusviði Ourlives, Í svörtum fötum og Veðurguðirnir
00:15 Dansleikur á Tjarnarsviði Tríkot og Dans á rósum



LAUGARDAGUR

10:00 Létt lög í dalnum
14:30 Barnadagskrá á Brekku- og Tjarnar-sviði Brúðubíllinn, söngvakeppni barna, Dans á rósum, Góí og Halli og barnaball heldur áfram
20:30 Haffi Haff
21:00 Fjallabræður
21:45 Ingó Veðurguð
22:30 Bubbi, K.K. og Ellen
00:00 Flugeldasýning
00:15 Dikta
01:30 Dansleikur á Brekkusviði Buff og Í svörtum fötum
01:30 Dansleikur á Tjarnarsviði Tríkot og Dans á rósum

SUNNUDAGUR

10:00 Létt lög í dalnum
14:30 Barnadagskrá á Brekku- og Tjarnarsviði



20:30 Dans á Rósum
20:50 Sigurvegarar úr söngvakeppni barna
21:00 Buff ásamt Rögggu Gísla, Hreimi Erni og Guðrúnu Gunnars
22:20 Bubbi Morthens
23:00 Brekkusöngur undir

stjórn Árna Johnsen
00:00 Dansleikur á Brekkusviði **Páll Óskar**, Veðurguðirnir og Buff
00:00 Dansleikur á Tjarnarsviði Dans á Rósum og Tríkot

Ein með öllu

FÖSTUDAGUR

13:00 - 17:00 Gleði og gaman hjá Atlantsolíu við Baldursnes Pylsur og fleira í boði
16:00 Kirkjutróppuhlaup Andrésar Andar
18:00 - 22:00 Ævintýraland að Hömrum Hoppukastalar, hjólabílar, bátar og ratleikur
20:00 Óskalagatónleikar í Akureyrarkirkju
20:00 Sögusigling með Húna
20:00 - 23:00 Micha Moor á Sjallanum
21:00 Kanakvöld á Ráðhústorgi Rúnar Eff og Manhattan, Einar Ágúst og Fígúra. Go kart á planinu hjá Brim og tívolí við Glerártorg og Skipagötu
22:00 Einar Ágúst á Kaffi Akureyri
22:00 Þriggja daga vakt á Oddvitanum Hjaltalín spilar og DJ Sexy Lazer og President Bongo halda dansgólfinu heitu
00:00 Dynheimaball á Vélsmiðjunni (80s ballið) Þórhallur í Pedró, Hólmar Svansson, Pétur Guðjóns, Dabbi Rún og Siggí. Aldurstakmark 30 ár.



00:00 Hjálmar á Græna hattinum
00:00 Dj Trouble á Kaffi Amor
00:00 Hot Spring Lovers DJs á Pósthúsarnum
00:00 Micha Moor á Sjallanum
01:00 Party Sússi á Kaffi Akureyri

LAUGARDAGUR

8:00-11:00 Barnaefni í þjónustuhúsinu að Hömrum
10:00 Áheyrnarprufur fyrir Röddina 2010 á Hótel Eddu

10:00-14:00 Vatnasafari við leikjattjörnina að Hömrum
12:00 Mömmur og möffins í Lystigarðinum Boðið upp á kaffi og Svala og seldar möffins
13:00 Greifatorfæran á aksturssvæði Bílaklúbbs Akureyrar
14:00 Sveppi, Páll Óskar og fleira
14:00 Söguganga Minjasafnsins frá Sigurhæðum
18:00-22:00 Ævintýraland að

Hömrum Hoppukastalar, hjólabílar, bátar og ratleikur
20:00 Sigling með Húna til Hjalteyrar
20:30-23:00 Froðuball í Slökkvistöðinni. Dj Knutsen, Dj Stebbi og plötusnúðar frá volume.is. Aldurstakmark 14-16 ára.
21:00 Skemmtidagskrá á Ráðhústorgi. Hjálmar, Papar, Einar Ágúst og fleiri
22:00 Einar Ágúst á Kaffi Akureyri
22:00 Þriggja daga vakt á Oddvitanum. Nýdönsk spilar og DJ Sexy Lazer og President Bongo halda dansgólfinu heitu.
00:00 Hjálmar á Græna hattinum
00:00 DJ Rikki G á Pósthúsarnum
00:00 Páll Óskar á Sjallanum
00:00 Papar á Vélsmiðjunni

SUNNUDAGUR

12:00 Vor Akureyri í Iðnaðarsafninu
14:00 Röddin 2010 á Glerártorgi

14:00 Afmæli Kjarnafæðis á Ráðhústorgi
14:00 Sjallaspyrnan á aksturssvæði Bílaklúbbs Akureyrar
16:00 Íslandsmeistara-mótið í pylsuáti
17:00 Líf og fjör í KA heimilinu Latibær, Söngvaborg, leikhópurinn Vinir og fleira
21:00 Sparitónleikarnir Á flötinni fyrir framan Leikhúsið. Dikta, Hvann-dalsbræður, Karla-kór Akureyrar, Queen-tribute, Skítamóral og Ourlives.
22:00 Þriggja daga vakt á Oddvitanum GusGus spila og DJ Sexy Lazer og President Bongo halda dansgólfinu heitu
00:00 Bravó á Græna hattinum
00:00 16 ára ball með Micha Moor í KA-heimilinu
00:00 DJ Biggi á Pósthúsarnum
00:00 Dikta og Ourlives á Sjallanum
00:00 Skítamóral á Vélsmiðjunni

Mýrarboltinn



Innipúkinn

FÖSTUDAGUR

Venue:
21:00 Sóley
22:00 Markús
23:00 Of Monsters and Men
00:00 Me, the slumbering Napoleon
01:00 Ojba rasta
Sódoma:
21:30 Lára
22:30 Lay Low
23:30 Árstíðir
00:30 Útidúr
01:30 Orphic Oxta

LAUGARDAGUR

Venue:
20:30 Snorri Helgason
21:30 My Summer as a s.s.
22:30 Stafærnn Hákon
23:30 Morðingjarnir
00:30 Quadroplus
Sódoma:
20:00 Heavy Experience
21:00 Nóra
22:00 Pascal Pinon
23:00 Mr. Silla
00:00 Evil Madness
01:00 Nóló

SUNNUDAGUR

Venue:
21:00 Formaður Dagsbrúnar
22:00 Hudson Wayne
23:00 Moses Hightower
00:00 Æla
Sódoma:
20:30 Heavy Experience
21:30 Diddi Fel
22:30 Berndsen
23:30 Raggi Bjarna & Retro Stefson
01:00 Retro Stefson

LAUGARDAGUR

10:00 Keppni í Mýrarboltanum hefst
12:00-13:00 Fyrsta umferð drullulangstökks
15:00-16:00 Önnur umferð drullulangstökks
17:00 Leikjum lýkur
21:00 Óformleg skemmtun á öldurhúsum bæjarins

SUNNUDAGUR

10:00 Leikir hefjast
12:00-13:00 - Fyrri hluti kajakdráttis. Tímataka
15:00-16:00 - Seinni hluti kajakdráttis. Tímataka
17:00 Leikjum dagsins lýkur
20:00 Lokahóf í Íþróttahúsinu Torfnesi
23:00 Ball með Kraftlyftingu



ENMEMA / SIA / NM4004

DJAAMIMIM!

Ring verður á **Þjóðhátíð**
í **Eyjum**. Hvar verður þú?

Stærsti
vinahópur
á Íslandi



Síminn

Ring er farsímabjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við alla innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að hringja í fólk í öðrum kerfum.



www.facebook.com/ringjarar